

Reykjavík, 26. nóvember 2019
IE19110008

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Árshlutareikningur A-hluta og samantekinn árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2019.

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - september 2019 með sviðsstjóra Fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum sviðsins sem vinna að gerð reikningsskila. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur einnig fundað með stjórnendum Félagsbústaða og Orkuveitu Reykjavíkur og fengið kynningu á árshlutareikningum þeirra félaga fyrir sama tímabil. Árshlutareikningar þeirra og þá einkum Orkuveitunnar hafa töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Í störfum sínum leggur nefndin áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin.

Eins og áður fylgja með árshlutareikningnum ítarlegar greinargerðir fagsviða og B-hluta félaga og skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs. Nefndin vill vekja athygli á ábendingum Fjármála- og áhættustýringarsviðs í skýrslu sviðsins.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – september 2019 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar



Lárus Finnbogason